

eru 246 rd. 61 sk. og bjarglaun nefndra skipstjórnarmanna. Þetta 1872.
gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar, 3. janúar.
og til þess þér birtíð það fulltrúa hinna ensku skipstjórnarmanna,
er björguðu skipinu á Íslandi.

2. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir 12. janúar. Íslandi, um skrásetning og mælingar skipa.

Aðalskattastjórnin hefir leidd athygli dómsmálastjórnarinnar að því, að stundum væri hagfellt, með því póstgufuskipið lægi hér svo stuttan tíma við land, að gjörðir og skjöl viðvíkjandi skrásetning íslenzkra skipa, yrði send beint til sín, án þess að dómsmálastjórnin tæki fyrst við þeim. Með því nú má álíta, að með þessu sé og fullnægt því, sem fyrir er mælt í tilsk. handa Íslandi um skrásetning skipa, 25. júní 1869, 10. gr., þar sem aðalskattastjórninni er falið á hendur með konungsúrskurði 31. maí 1870 að standa fyrir skipa-skrásetningum og mælingum á Íslandi, mælumst ver til, að þér, herra stiptamtmaður, eptirleiðis sendið teðar gjörðir beint til aðalskattastjórnarinnar, og skrifist á við hana sjálfa um þessi mál.

3. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á 13. janúar. Íslandi, um styrk úr lækna sjóðnum handa sjúkrahúsinu í Reykjavík¹.

Eptir að hingað hafði borizt bréf yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsett 6. septbrm. f. á., er það allramildilegast samþykkt með úrskurði 8. þ. m., samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, að sjúkrahúsi því, sem stofnað er í Reykjavík, verði framvegis veittur 400 rd. árlegur

¹) Tíðindi um stjórnamálefni Íslands II., 323.